

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi og nýtt deiliskipulag í Reykjavíkurborg.

#### *Fiskislóð 31.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar þann 27. janúar 2017, breytingu á deiliskipulagi Örfiriseyjar vegna lóðarinnar nr. 31 við Fiskislóð. Í breytingunni felst heimild fyrir breytingu á hámarksnýtingarhlutfalli lóðar úr 0,6 í 1,0. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Hverfisgata 85-91 og 93, Barónsreitir.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar þann 17. febrúar 2017, breytingu á deiliskipulagi Barónsreits vegna lóðanna nr. 85-91 og 93 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst m.a. sameining lóða og flytja íbúðarheimildir þriggja íbúða af Skúlagötu 30 yfir á Hverfisgötu 85-91. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Veltusund 3B.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar þann 17. febrúar 2017, breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 3B við Veltusund. Í breytingunni felst m.a. að afmarkaður er nýr byggingarreitur í porti á 1., 2. og 3. hæð auk kjallara. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Breiðholtsbraut – nýtt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 9. febrúar 2017, nýtt deiliskipulag fyrir opið svæði milli Seljahverfis og Efra-Breiðholts þar sem lagt er til að gerð verði göngubrú yfir Breiðholtsbraut ásamt viðeigandi göngu- og hjólatengingum um skipulagssvæðið. Göngubrú mun bæta til muna tengingu og umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfaranda á leið milli hverfanna. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 10. mars 2017.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 24. mars 2017